

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 27.08.2012

19. fundur 27. ágúst 2012 kl 9:30-12:10

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps v/Hlíðaveg

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Karl E. Sveinsson

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

Guðrún María Valgeirsdóttir

sveitarstjóri

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps. Drög til yfirferðar.

S20120303

Tekið fyrir að nýju drög að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Lögð fram tillaga frá skipulagsráðgjöfum þar sem búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar bæði í texta og á uppdráttum að nokkru leyti fyrir utan þau atriði sem skipulags- og umhverfisnefnd þarf að taka afstöðu til skv. meðfylgjandi lista, áður en endanleg tillaga verður lögð fram. (Sjá einnig lið 2).

UST leggst gegn stækkun frístundabyggðar í landi Birkilands til austurs. UST telur mikilvægt að fram komi áhersla á að við uppbyggingu frístundabyggðar í landi Voga 3 verði þess gætt að forðast röskun nútímahrauns og birkiskóga.	Skipulagsnefnd sér ekki ástæðu til að taka undir þetta sjónarmið og stendur við fyrri ákvörðun hvað þetta varðar.
Loka ætti námum í Námaskarði.	Á meðan þörf er fyrir þá tegund jarðefna sem hér um ræðir verður náman nýtt og opin.
Tekið undir áform um að nýta ekki námu í jarðbaðshólum áfram.	Stefnt verði að því að loka námunni og ganga frá umhverfinu í kring um hana í

	tengslum við virkjanaframkvæmdir í Bjarnarflagi.
UST bendir á umfjöllun um vegi og umferð í verndaráætlun Mývatns og Laxár, sem ættu að vera leiðarljós við endurskoðun samgangna á svæðinu.	Skipulagsnefnd áttar sig ekki á þessari athugasemd.
Að mati UST þarf að koma fram hvað „eðlilegt ferli“ sé varðandi úrbætur í fráveitumálum og hvaða tímafrestir séu gefnir til úrbóta.	Heilt yfir eru fráveitumál í góðu lagi. Sveitarstjórn stefnir að því að leggja fram fráveituáætlun til kynningar og samþykktar hjá UST fyrir lok árs 2015.
Æskilegt er að fram komi hvaða tímabil sveitarstjórn muni koma fram með fráveituáætlun. Bent er á reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.	Sjá hér að framan.
Tekið er undir áætlanir um að jarðstrengir leysi smám saman loftlínur af hólmi – að öðru leyti en í þeim tilfellum er flutningslínur fara um svæði þakin nútímahrauni er nýtur sérstakrar verndar.	Gefur ekki tilefni til umfjöllunar né athugasemda.

2. Aðalskipulag Skútustaðahrepps. Málarnámur

S20120303

Lögð fram greinargerð f.h. landeigenda frá Ómari Bjarka Smárasyni, STAPA ehf- Jarðfræðistofu, vegna nýrra náma við Randir (náma C) og Sandskarð sunnan við Svarthóla (náma J). Óskað er eftir því að skipulags- og umhverfisnefnd samþykki að þessar námur verði settar inn á fyrirliggjandi drög að aðalskipulagi áður en til auglýsingar kemur. Farið var í vettvangsferð á viðkomandi svæði.

Skipulagsnefnd samþykkir að viðkomandi efnistökusvæði verði sett inn á drög að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

3. Deiliskipulag v. stækkunar Kröfluvirkjunar. Skipulagslýsing

S20120601

Skipulagslýsing vegna deiliskipulags stækkunar Kröfluvirkjunar var auglýst og send umsagnaraðilum með athugasemdarfresti frá 11. júlí til og með 1. ágúst 2012. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Efni athugasemda hefur verið komi á framfæri við viðkomandi skipulagsráðgjafa.

4. Grímsstaðir 4, Mývatnssveit. Stofnun lóðar

S20120404

Erindi frá Brynjólfi Steingrímssyni f.h. Þorgerðar Egilsdóttur þar sem sótt er um að stofnuð verði lóð úr landi Grímsstaða 4 skv. áður innsendum gögnum og

lóðarsamningi við landeigendur dags 7. mars 2012. Meðfylgjandi er samþykki annarra landeigenda Grímsstaða og hnitsett lóðarmörk handteiknuð inn á loftmynd.

Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir því við umsækjanda að hann leggi fram hnitsettan lóðaruppdrátt teiknaðan inn á loftmynd á rafrænu formi. Vakin er athygli á því að leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem lóðin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. lög nr. 97/2004 áður en skipulagsnefnd getur afgreitt erindið.,

5. Múlavegur 11. Umsókn um lóð og byggingarleyfi

S20120201

Erindi dags 23. ágúst 2012 frá Garðari Finnssyni þar sem hann sækir formlega um lóðina að Múlavegi 11 til að byggja 108 m² hús ásamt 40 m² bílskúr. Meðfylgjandi gögn sýna teikningar og legu hússins ásamt bílskúr.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr 123/2010

6. Garður 1, Mývatnssveit. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna malarnáms.

S20120802

Erindi dags 20. ágúst 2012 frá Halldóri Árnasyni kt. 070570-5729, Garði 1, Mývatnssveit þar sem hann óskar eftir framkvæmdaleyfi til að vinna 10.000 m³ af mól til 10 ára úr opinni námu (nr. 339 E, skv. drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps) í sandhólum í landi Garðs 1. Að vinnslutíma loknum hyggst hann sá mel til að koma sárinu í sama gróðurfar og er á svæðinu í kringum námuna.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

7. Stöng. Umsókn um heimild til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi.

S20120801

Erindi dags 23. ágúst 2012 frá Ásmundi Kristjánssyni Stöng, f.h. Gistiheimilisins Stangar ehf. kt. 420207-0850, þar sem sótt er um heimild til sveitarstjórnar til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi skv. 2. mgr 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir gistihús, vegna ferðapjónustu á Stöng 1

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

8. Dettifoss. Staða skipulagsmála vegna fyrirhugaðra framkvæmda við áningarstað.

S20120803

Í framhaldi af fréttaf lutningi um ástand hreinlætismála við Dettifoss óskar Pétur Snæbjörnsson eftir að staða skipulagsmála á svæðinu verði tekin til umfjöllunar á fundi skipulagsnefndar.

Samkvæmt upplýsingum sem sveitarstjóri hefur aflað taldi framkvæmdaaðili að áningarstaður við Dettifoss væri í sveitarfélaginu Norðurþingi. Við nánari athugun kom hins vegar í ljós að umrætt svæði er í Skútustaðahreppi. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessari landnotkun í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps sem nú er í vinnslu og þar af leiðandi hefur ekki verið haft neitt samráð við sveitarstjórn Skútustaðahrepps um þessar framkvæmdir.

Tillaga að bókun:

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að óska eftir því við framkvæmdaaðila að hann geri nefndinni nánari grein fyrir væntanlegum framkvæmdum á svæðinu og afhendi nauðsynleg gögn til þess að gera megi ráð fyrir þessari landnotkun í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem nú er í vinnslu. Einnig er vakin athygli á því að sækja þarf um heimild til sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulag af svæðinu skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Dimmuborgir. Heimild til að tengja snjóbræðslu

V20120801

Erindi dagsett 24. júlí 2012 frá Stefáni Skaftasyni f.h. Landgræðslu ríkisins þar sem sótt er um heimild til að tengja kerfi snjóbræðsluröra í göngustígum Dimmuborga við Hitaveitu Skútustaðahrepps. Um er að ræða snjóbræðslulögn frá Kaffi Borgum og að hliðinu inn á svæðið annars vegar og hins vegar tvær lagnir frá hliðinu og inn í Borgirnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti enda falli allur kostnaður við framkvæmdina á framkvæmdaaðila.

9. Hitaveita. Gjaldskrá

V20120802

Málið varðar heimtaugar í gripahús/hlöður þar sem hitaveituvatn hefur verið selt með afslætti sem ekki samræmist gildandi gjaldskrá hitaveitunnar. Lárus, starfsmaður hreppsins kom á fundinn og gerði grein fyrir málavöxtum.

Skipulagsnefnd ítrekar að aðeins einn taxti gildir fyrir sölu á heitu vatni. Neytendur geta óskað eftir aukamæli sbr. 3 gr. í gjaldskrá hitaveitunnar en slíkt er á ábyrgð og kostnað húseiganda.

Fundi slitið